

Fundargerð

Kynningarfundur um framtíð ferðaþjónustu Ölfus

20. nóvember 2025 – kl. 14:00–16:00

Staður: Ráðhús Ölfuss

Ráðhúsið, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn

Mættir:

Nafn

Eva Lind Guðmundsdóttir
Páll Marvin Jónsson
Hjörleifur Davíðsson
Ásta Kristín Sigurjónsdóttir
Anna Katrín Einarsdóttir
Violetta Magarita
Cora Jovanna Claas
Grettir Rúnarsson
Almar Þór
Ómar Karlsson
Ólafur Örn Arnarson
Þórir Garðarsson
Þorkell Óskar Vignisson
Kolbrún
Brynja Brynjarsdóttir
Daníel Örn Árnason
Hildigunnur M. Kristinsdóttir
Hrafnhildur Árnadóttir
Ingunn Jónsdóttir
Laufey Guðmundsdóttir
Vala Hauksdóttir
Hallgrímur Kristinsson
Björn Gunnlaugsson
Ingimar Rafn Ágústsson
Margrét Guðjónsdóttir
Jón Ragnar Gunnarsson
Tinna Sigurðardóttir
Hannes Sigurðsson
Davíð Arnar Runólfsson

Fyrirtæki

Ölfus Cluster
Ölfus Cluster
Kölski
Íslenski Ferðaklasinn
Íslenski Ferðaklasinn
Bjarnastaðir, Cora.is
Bjarnastaðir, Cora.is
Skíðaskálinn
Almar Bakari
Hengill Tours
Hengill Tours
Hveradalir ehf
Black Sand Hotel
Black Sand Hotel
Ásnes ehf
Ásnes ehf
SSS, Markaðsstofa Reykjaness
Markaðsstofa Suðurlands
SASS, Samtök Sunnlenskra Sveitarfélaga
Jarðhitasýningin
Markaðsstofa Suðurlands
Icelandia
Íslenskar Fasteignir
Vaxa Life
Icelandic Glacial
Icelandic Glacial
Arctic Rafting
Hafnarnes Ver
Raufarhóll ehf

1. Setning fundar

Fundur hófst kl. 14:00.

Páll Marvin Jónsson, framkvæmdastjóri Ölfus Cluster, setti fundinn og fór yfir tilgang samráðsfundarins.

2. Erindi og kynningar

2.1. Uppbygging ferðapjónustu í Ölfusi

Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs Ölfus, kynnti uppbyggingu ferðapjónustu í sveitarfélaginu og þær áherslur sem eru fram undan.

Hann lagði áherslu á að í Ölfusi starfi fjöldi öflugra fyrirtækja sem saman mynda sterkan grunn til framtíðar. Hann fór yfir framtíðaráform og þá stefnumótun sem er hluti af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

2.2. Samstarf og stefna ferðapjónustunnar

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska Ferðaklasans, fjallaði um klasasamstarf og mikilvægi þess að byggja upp stefnumótun í takt við þarfir fyrirtækja og grasrótina. Hún undirstrikaði að uppbygging ætti að fara fram í litlum en markvissum skrefum með stóru myndina í huga.

2.3. Ný tækifæri

Hallgrímur Kristinsson, frumkvöðull og þróunarstjóri Icelandia, deildi sýn sinni á nýsköpun, óhefðbundnar leiðir og spennandi tækifæri sem hann sér fyrir ferðapjónustuna í Ölfusi.

Hann hvatti til þess að huga að sérstöðu svæðisins og nýta einstaka auðlindir sem ekki eru til staðar annars staðar.

2.4 Undirritun

Að loknu erindi Hallgríms undirrituðu þau Páll Marvin Jónsson og Ásta Kristín Sigurjónsdóttir undir samstarfssamning og inngöngu Ölfus Cluster í Íslenska Ferðaklasans.

3. Umræður og sjónarmið úr sal

Eftir erindi hófust lifandi og innihaldsríkar umræður.

3.1. Samstarf, klasar og markaðsmál

- Klasar eru sterk stjórnunar- og samstarfsvettvangur en ekki markaðsstofa.
- Mikilvægt er að nýta markaðsstofur sem aðgengilegar eru, t.d. Suðurland og Reykjavík.
- Markaðsstofa Suðurlands lýsti skýrum vilja til að fá Ölfus inn sem samstarfsaðila.
- Rætt var um leiðir til að finna rétta vegferð fyrir Ölfus varðandi markaðsstefnu og ímynd.

3.2. Aðkoma fyrirtækja og grasrótar

- Áhersla á að styðja frumkvöðla og fyrirtæki í sínum eigin verkefnum.
- Ölfus Cluster getur veitt persónulega ráðgjöf og tengingar.
- Aukin samvinna milli fyrirtækja getur skilað sér í sterkari heildarlínu.

3.3. Einstök sóknarfæri

- Áréttað var að almyrkvi **12. ágúst 2026** sé einstakt tækifæri.
- **Herdísarvík** var nefnd sem einn besti staður á Íslandi til að upplifa almyrkvann.
- Slíkur viðburður gæti styrkt ímynd Ölfuss og skapað sérstakar upplifanir.

4. Áskoranir og tækifæri – Samantekt umræðna

Úr umræðunum má draga fram eftirfarandi:

4.1. Áskoranir

- Skortur á skýrri ímynd („brand“) fyrir Ölfus.
- Erfiðleikar við að skilgreina hvað er „authentic“ fyrir svæðið.
- Hengilssvæðið og nokkur útivistarsvæði teljast ekki nógu aðgengileg eða „welcoming“.
- Upphafsstaðir gönguleiða eru óskýrir og vantar betri merkingar.
- Takmörkuð tenging við Suðurland og ferðaleiðir.
- Mikil þörf á betri upplýsingamiðlun og frásögn svæðisins.
- Umhverfismál: sorphirða og fráveita þurfa að styðja vaxandi ferðamannastraum.

4.2. Tækifæri

- Nýting markaðsstofa og samstarfsnet til að auka sýnileika.
- Sterkur náttúrugrunnur: strandlengja, hellar, hraun, fjallasýn, norðurljós, jarðhitasvæði.
- Vaxandi tækifæri í útivist og jaðarsporti: hestar, surf, fjallahjól, gönguleiðir.
- Mögulegir ferðapakkar í tengslum við Bláfjöll, Hengil, golfvelli og fleiri svæði.
- Ölfus sem „fyrsta stopp eftir flug” með tilkomu Suðurstrandavegar.
- Mikil matvæla- og vöruframleiðsla sem styrkir sjálfbæra ímynd.
- Tækifæri í wellness- og heilsuferðum.
- Almyrkvi 2026 sem flaggskipaverkefni.

4.3. Samstarf og þróun

- Hugsanleg þróun pakkaferða innan Ölfuss.
- Aukin samvinna við Suðurstrandavegin og „systrahringinn“.
- Hugmyndir um sameiginleg tilboð (t.d. afsláttur við að nýta þrjú fyrirtæki á svæðinu).
- Möguleg stefna: „**Ölfus – A Day tour which is worth it.**“

4.4. Samþykkt – Stofnun ferðaklasa í Ölfusi

Að loknum umræðum var lögð fram tillaga þess efnis að stofna **ferðaklasa undir Ölfus Cluster**, með það að markmiði að halda utan um áframhaldandi uppbyggingu, samráð og samstarf fyrirtækja í ferðapjónustu í Ölfusi.

Tillagan var borin upp og **samþykkt einróma af þeim sem mættu á fundinn.**

5. Niðurlag

Fundinum var slitið kl. 16:00.

Samhljómur var meðal þátttakenda um að halda áfram reglulegu samtali, styrkja samstarf og móta sameiginlega framtíðarsýn fyrir ferðapjónustuna í Ölfusi.

Fundargerð ritaði Eva Lind Guðmundsdóttir